

Skóla-akur



Vefrit um skólamál 1. tbl. 8. árg. 9. janúar 2014

Myndir augnabliksins eru frá þrettándaglegði í leikskólanum Pálmholti.



Auglýst eftir efni fyrir málstofur.

Í síðasta tölublaði Skóla-akurs var sagt frá árlegri vorráðstefnu miðstöðvar skólaþróunar við Háskólann á Akureyri sem verður haldin 5. apríl 2014. Efni ráðstefnunnar er sniðið að leikskólum, grunnskólum og framhaldsskólum.

Auk aðalfyrirlestra verða málstofur þar sem reifuð verða ýmis mál er lúta að lifandi starfsþróun og árangursríku skólastarfi. Hver málstofa verður 40 mínútur og innan þess tíma er gert ráð fyrir umræðum um lykilsurningar frá málstofuflytjendum.

Hér með er auglýst eftir erindum fyrir málstofur frá starfandi leik-, grunn- og framhaldsskólakennurum, fræðifólki, náms- og kennsluráðgjöfum, skólastjórnendum og öðrum áhugasömum aðilum um efni ráðstefnunnar.

Einkum er leitað eftir:

kynningu á árangursríkum þróunarverkefnum

kynningu á nýlegum íslenskum rannsóknum

fræðilegri umfjöllun um árangursríkar leiðir

fræðilegri umfjöllun um strauma og stefnur

Frestur til að senda inn lýsingu á erindi að hámarki 200 orð er til 13. janúar 2014 á netfangið

birnas@unak.is. Svör um samþykki frá ráðstefnunefnd munu berast fyrir 1. febrúar.

Nánari upplýsingar veitir Jenný Gunnbjörnsdóttir, sími 460-8565, netfang: jennyv@unak.is.

Einnig eru upplýsingar á heimasíðu miðstöðvarinnar: <http://www.msha.is>

Sumarlokanir leikskólanna á Akureyri.

Leikskólanir loka allir í fjórar vikur sumarið 2014. Kannad var meðal foreldra og starfsmanna hvaða lokunartímabil þeir myndu helst kjósa. Foreldraráð og leikskólastjóri í hverjum leikskóla fóru síðan yfir niðurstöðurnar. Tímabilið sem fékk flest atkvæði var síðan valið.

Leikskólarnir loka 20 virka daga.

Lundarsel	7. júlí – 1. ágúst
Pálmholt	14. júlí – 11. ágúst
Iðavöllur	14. júlí – 11. ágúst
Kiðagil	14. júlí – 11. ágúst
Tröllaborgir	14. júlí – 11. ágúst
Hlíðaból	14. júlí – 11. ágúst

Krógaból	7. júlí – 1. ágúst
Naustatjörn	14. júlí – 11. ágúst
Sunnuból	14. júlí – 11. ágúst
Hulduheimar	14. júlí – 11. ágúst
Hólmasól	14. júlí – 11. ágúst

Samstarf Brekkuskóla og VMA.

Hafin er kennsla í valgreinininni raffræði í VMA sem er hluti af samstarfsverkefni Brekkuskóla og VMA í vetur. Valinu er skipt í tvo námshópa þar sem undirtektir voru afar góðar. Fyrir áramót var ein valgrein kennd í VMA í smíðum og önnur valgrein í náttúrufræðigreinum sem kennd var í Brekkuskóla en kennarar komu frá VMA. Þetta samstarfsverkefni var í undirbúningi á síðasta skólaári. Það voru áhugasamir drengir sem fóru með aðstoðarskólastjóra í fyrsta tímarni í raffræði eftir hádegi í dag. Fyrsti tíminn hófst á kennslu um muninn á rafvirkjun og rafeindavirkjun. Í léttu innskoti á undan var umræðan tekin um það hvernig kennitölur okkar eru upp byggðar. Skemmtileg byrjun og vonandi ná drengirnir markmiðum sínum í þessari spennandi valgrein.



Skóla-akur er vefþimarit sem gefið er út af skóladeild Akureyrarbæjar, Glerárgötu 26, Akureyri

Ritstjóri: Linda María Ásgeirsdóttir starfsmaður á skrifstofu Akureyrarbæjar í Hrisey, lindamaria@akureyri.is. Upplýsingar um efni og ábendingar um hvað betur má fara eru vel þegnar og sendist á netfang ritstjóra. Sími 466-1762. Afgreiðslutími mán.-miðvikudaga frá 8-13.

Markmið blaðsins er að miðla upplýsingum til starfsfólks í skólum á Akureyri, til foreldra og annarra í skólasamfélaginu. **Dreifing:** Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks í leik- og grunnskólum og í tónlistarskóla bæjarins auk fulltrúa foreldra o.fl.

Greinar í Netlu.

Skóli gegn skólakerfi: Um baráttu Menntaskólans á Akureyri gegn nýmælum fræðslulaganna 1946.

Greinin fjallar um tilurð og sögu miðskóladeildar Menntaskólans á Akureyri (1948–1964). Um hana hefur áður verið ritað frá sjónarmiði stofnanasögu og persónusögu stjórnenda, bæði Menntaskólans og Gagnfræðaskóla Akureyrar. Hér er þess freistað að líta á atburði úr meiri fjarlægð, túlka hagsmuni skólanna tveggja og nemenda þeirra í tengslum við þróun gagnfræðastigsins og nýtt skólakerfi samkvæmt fræðslulögum frá 1946.

Höfundur: Helgi Skúli Kjartansson.

<http://netla.hi.is/greinar/2013/rvn/015.pdf>

An emerging research ethos 1998–2004: A case study from a merger in teacher education in Iceland.

Markmið rannsóknarinnar sem hér er lýst er að greina þætti sem höfðu áhrif á rannsóknarumhverfi og starfsanda við Kennaraháskóla Íslands fyrstu sex árin eftir sameiningu fjögurra stofnana í nýjum skóla, 1998–2004. Fyrir sameiningu 1998 var Kennaraháskóli Íslands eina stofnunin þar sem rannsóknir voru skilgreindur þáttur í störfum starfsmanna. Rannsóknin byggir á greiningu birtra upplýsinga, sem og samantektum á rannsóknarstarfsemi árin 1998–2004 til að lýsa innri samlögun og aðlögun að ytra umhverfi og samverkun þessara tveggja þátta.

Höfundur: Allyson Macdonald.

<http://netla.hi.is/greinar/2013/rvn/014.pdf>

Langtímarannsókn á forspárgildi málþroskaathugana við 5–6 ára aldur um síðari líðan og reynslu.

Tilgangur rannsóknarinnar sem hér segir frá var að kanna hvort málþroskamælingar við fimm ára aldur spái fyrir um ýmsa félagslega og sálræna þætti síðar á lífsleiðinni.

Höfundar: Amalía Björnsdóttir, Jóhanna T. Einarsdóttir og Ingibjörg Simonardóttir.

<http://netla.hi.is/greinar/2013/rvn/013.pdf>

Nýtt efni frá Námsgagnastofnun.

Auðvitað – Heimilið.

Þessi bók *Auðvitað - Heimilið* er sú þriðja í röðinni af endurskoðaðri útgáfu Auðvitað-bókanna, námsefni í eðlis-, efna- og jarðfræði fyrir miðstig grunnskóla. Þá eru komnar út fyrsta og þriðja bókin í þessum flokki en önnur bókin *Jörð í alheimi* kemur út í mars. Meginefni bókarinnar um heimilið fjallar um vísindaleg vinnubrögð, einfalda efnafræði, rúmmál, massa, ham efna og hamskipti. Efnið var endurskoðað meðal annars með hliðsjón af nýjum áherslum í aðalnámsskrá grunnskóla.

Höfundur: Helgi Grimsson.

Myndefni: Halldór Baldursson teikningar, ýmsir eiga ljósmyndir.

Litli-kompás.

Litli-kompás er handbók um mannréttindamenntun fyrir börn sem nýtist kennurum og öðrum sem vinna með börnum. Í handbókinni er fjallað um lykillugtök á sviði mannréttinda og réttinda barna. Kjarni bókarinnar eru 40 fjölbreytt verkefni sem byggjast á virkum kennsluáferðum og er ætlað að hvetja og örva áhuga og vitund barna um mannréttindi í eigin umhverfi. Verkefni eiga ennfremur að þroska gagnrýna hugsun, ábyrgð og réttlætiskennd og stuðla að því að börn læri að grípa til aðgerða og leggja sitt af mörkum til hagsbóta fyrir skólann sinn og samfélagið. Auk þess er í bókinni fræðileg umfjöllun um þrettán lykilatriði mannréttinda svo sem lýðræði, borgarvitund, kynjajafnrétti, umhverfismál, fjölmiðla og ofbeldi. Handbókin er einnig gefin út í stafrænni útgáfu.

Höfundar: María Emilia Brederode-Santos, Jo Claeys, Rania Fazah, Annette Schneider og Zsuzsanna Szelényi

Myndefni: Diána Nagy.

Þýðing: Þórgunnur Skúladóttir.

SMIL – Vinnubók A - fyrstu tveir kaflarnir.

Smil opgavebog A sem fylgir kennslubókinni *Smil* er á leið í prentun en hér eru tveir fyrstu kaflar vinnubókarinnar.

Veffang: <http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/sm...>

Höfundar: Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen.

Myndefni: Halldór Baldursson.

SMIL - nemendabók.

Smil er kennslubók í dönsku fyrir unglíngastig grunnskóla. Bókinni fylgja tvær vinnubækur, *Smil vinnubók A* og *Smil vinnubók B*. Kennsluleiðbeiningar, hlustunaræfingar, talæfingar og hljóðbók eru væntanlegar á vef Námsgagnastofnunar www.nams.is á næstu vikum.

Höfundar: Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen.

Myndefni: Halldór Baldursson og Lilja Hlín Pétursdóttir.

Stafaplánetur.

Út er kominn hjá Námsgagnastofnun gagnvirkur vefur, *Stafaplánetur* sem er ætlaður börnum sem eru að byrja að læra bókstafina. Á honum eru kynnt heiti og hljóð stafa og hvernig draga skal til stafsins. Vefurinn gengur á allar tegundir tölva, þ. á m. spjaldtölvur.

Veffang: <http://vefir.nams.is/stafaplanetur/>

Höfundur: Hugmyndavinna: Sýlvía Guðmundsdóttir.

Myndefni: Grafísk hönnun og teikningar: Kári Gunnarsson. Smámyndir: Björn Þór Björnsson.

Forritun: Ólafur Ómarsson og Höskuldur Borgþórsson.

Upplestur: Sólveig Guðmundsdóttir.

Sjá nánar á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is/>